

RÍKISENDURSKOÐUN

Ábyrgðasjóður launa

Endurskoðun 2021



Endurskoðunarskýrsla

Desember 2021

Inngangur

Ríkisendurskoðun hefur lokið endurskoðun ársreiknings Ábyrgðasjóðs launa fyrir árið 2021.

Ársreikningurinn er byggður á bókhaldi Ábyrgðasjóðs launa og öðrum upplýsingum stjórnenda. Ríkisendurskoðun vekur athygli á því að stjórnendur sjóðsins eru ábyrgir fyrir gerð og framsetningu reikningsskila og jafnframt ábyrgir gagnvart notendum reikningsskilanna. Þetta felur meðal annars í sér að bókhald og fjárhagslegt eftirlit sé fullnægjandi, að réttum reikningsskilareglum sé fylgt og að viðunandi innra eftirlit hafi verið innleitt og skjalfest.

Endurskoðað var á grundvelli alþjóðlegra staðla um opinbera endurskoðun. Byggt er á skipulögðu ferli aðgerða og faglegu mati sem miðar að því að staðfesta fjárhæðir og aðrar upplýsingar í ársreikningnum. Endurskoðunin fól meðal annars í sér áhættugreiningu og áhættumat ásamt almennum greiningaraðferðum og úrtakskönnunum og athugunum á gögnum til að sannreyna fjárhæðir og aðrar upplýsingar sem fram koma í ársreikningnum.

Í samræmi við 5. grein laga nr. 46/2016 um ríkisendurskoðanda og endurskoðun ríkisreikninga tók endurskoðunin mið af eftirfarandi:

Að reikningsskil gefi glögga mynd af rekstri, fjárhagslegri stöðu og breytingu á henni á árinu í samræmi við settar reikningsskilareglur fyrir opinbera aðila.

Að kanna innra eftirlit og hvort það tryggir viðunandi árangur.

Að rekstur og umsvif séu í samræmi við heimildir fjárlaga, fjáráukalaga og annarra laga, lögmæt fyrirmæli, samninga og starfsvenjur þar sem það á við.




Ábyrgðasjóður launa var síðast endurskoðaður vegna ársins 2014.

Efnisyfirlit


Inngangur.....	2
Efnisyfirlit.....	3
1 Lykiltölur úr rekstri.....	5
2 Ábendingar og athugasemdir.....	6
3 Viðbrögð við ábendingum og athugasemdum.....	7
3.1 Viðbrögð Ábyrgðasjóðs launa.....	7
4 Áhættumat og mikilvægi.....	8
5 Fjárveiting og rekstur.....	9
5.1 Fjárveitingar.....	9
5.1.1 Fjárveiting – heimild til rekstrar.....	9
5.2 Rekstraráætlun.....	9
5.3 Niðurstöður/ábendingar.....	9
6 Innra eftirlit.....	10
6.1 Inngangur.....	10
6.2 Umfjöllun.....	10
6.3 Niðurstöður/ábendingar.....	10
7 Fylgni við lög og reglur.....	11
7.1 Inngangur.....	11
7.2 Lög og reglugerð um Ábyrgðasjóðs launa.....	11
7.3 Niðurstöður/ábendingar.....	11
8 Endurskoðun rekstrarliða.....	12
8.1 Rekstrartekjur.....	12
8.2 Rekstrargjöld.....	12
8.2.1 Önnur sérfræðipjónusta.....	12
8.2.2 Kostnaðarhlutdeild í sameiginlegri þjónustu.....	12
8.2.3 Vaxtagjöld.....	13
8.2.4 Tilfærslur.....	13
8.2.5 Greiðslur til Lífeyrissjóða.....	13
8.3 Niðurstöður/ábendingar.....	14

9	Endurskoðun efnahagsliða	16
9.1	Eignir	16
9.1.1	Tengdir aðilar	16
9.1.2	Handbært fé	16
9.2	Eigið fé og skuldir	17
9.2.1	Höfuðstóll	17
9.2.2	Ýmsar skammtímaskuldir	17
9.3	Niðurstöður/ábendingar	17
10	Önnur atriði	18
10.1	Óhæðisyfirlýsing	18
10.2	Samþykki ársreiknings	18

1 Lykiltölur úr rekstri



Eigið fé í lok árs í m.kr.



* Þar af er framlag til eignamyndunar (bundið eigið fé) 2.627,9 m.kr.

2 Ábendingar og athugasemdir

Vakin er athygli á eftirfarandi ábendingum og athugasemdum en smávægilegum ábendingum var komið beint á framfæri við stjórnendur þegar endurskoðunarvinna fór fram.

1

Þjónustusamningur

Bent er að gera þarf nýjan þjónustusamning milli félags- og vinnumarkaðsráðuneytis, Vinnumálastofnunar og Ábyrgðasjóðs launa en fyrri þjónustusamningur rann út á árinu 2020.

2

Ábyrgðartímabil lífeyrissjóðsiðgjalda

Ríkisendurskoðun beinir þeim tilmælum til stjórnar Ábyrgðasjóðs launa og félags- og vinnumarkaðsmálaráðuneytis að endurmeta ábyrgðartímabil vangoldinna lífeyrissjóðsiðgjalda til að stemma stigu á móti þeim auknu útgjöldum sem sjóðurinn hefur þurft að greiða vegna vangoldinna lífeyrissjóðsiðgjalda.

3 Viðbrögð við ábendingum og athugasemdum

3.1 Viðbrögð Ábyrgðasjóðs launa

Eftirfarandi svar barst frá Vinnumálastofnun og stjórn Ábyrgðasjóðs launa vegna ábendinga og athugasemda sem fram koma í kafla 2 Ábendingar og athugasemdir:

„Vinnumálastofnun og stjórn Ábyrgðasjóðs launa hafa óskað eftir við félags- og vinnumarkaðsráðuneytið að ráðist verði hið fyrsta í heildarendurskoðun á lögum um Ábyrgðasjóð launa nr. 88/2003. Ábendingar og athugasemdir Ríkisendurskoðunar falla þar undir.“

4 Áhættumat og mikilvægi

Mat á áhættu og mikilvægi eru grundvallarpættir sem horft er til við skipulagningu og framkvæmd endurskoðunar. Þetta merkir að sjónum er sérstaklega beint að áhættusömum og verulegum liðum í reikningsskilunum. Leitast er við að skipuleggja endurskoðunina með skilvirkni í huga, en liður í því er að taka mið af eftirlitsumhverfi Ábyrgðasjóðs launa eins og kostur er. Lögð er áhersla á að yfirfara ferla í tengslum við gerð reikningsskilanna og verulega liði innan þeirra. Markmiðið með þessari yfirferð er meðal annars að afla upplýsinga um eftirlitsaðgerðir stjórnenda og að kanna virkni þeirra.

Eftirfarandi eru þeir liðir hjá Ábyrgðasjóði launa voru taldir skipta mestu máli vegna endurskoðunarvinnu á árinu:



Við skipulagningu endurskoðunar voru mikilvægismörk ákvörðuð sem 2% af rekstrargjöldum ársins, eða 57,4 m.kr. Með mikilvægismörkum er átt við hámark þeirrar fjármunalegu skekkju sem ekki er talin hafa áhrif á upplýstan lesanda reikningsskilanna. Mikilvægismörk eru því einn af grunnþáttum endurskoðunar og marka meðal annars umfang þeirra endurskoðunargagna sem aflað er. Eftir sem áður er öllum skekkjum, sem finnast og máli skipta, komið á framfæri við stjórnendur.

Við mat á áhættu og mikilvægi einstakra fjárlagaliða og stofnana eru jafnframt ákveðnir þættir hafðir til hliðsjónar m.a. eðli og umfang fjárlagaliðar eða stofnunar, fyrri athugasemda og fyrirkomulag bókhalds hjá stofnun.

5 Fjárveiting og rekstur

5.1 Fjárveitingar

5.1.1 Fjárveiting – heimild til rekstrar

Fjárveiting ársins 2021 til Ábyrgðasjóðs launa vegna rekstrar nam 2.986,8 m.kr. eins og kemur fram í fylgiriti með fjárlögum 2021. Gert var ráð fyrir 46,4 m. kr. rekstrartekjum og 2.940,4 m.kr. beinu framlagi úr ríkissjóði. Til viðbótar voru millifærðar 0,8 m.kr. úr almennum varasjóði vegna launaendurmats. Endanlegt framlag til sjóðsins nam því 2.941,2 m.kr.

Gjöld að frádregnum sértekjum námu samtals 2.703 m.kr. og voru því 238,2 m.kr. innan fjárheimilda. Gjöld að frádregnum sértekjum hækkuðu um 358,9 m.kr. milli ára sem skýrist einkum af auknum greiðslum til lífeyrissjóða. Rekstrarniðurstaða Ábyrgðasjóðs launa er jöfnuð í lok árs í samræmi við 3. mgr. 30. gr. laga nr. 123/2025 um opinber fjármál (LOF).

Eftirfarandi tafla sýnir samanburð á fjárveitingum og rekstri á árinu 2021 og rekstri 2020:

Tafla 1 Samanburður á fjárveitingum og rekstri 2021

<i>Í þús. kr.</i>	Fjárveiting 2021	Rekstur 2021	Frávik 2021	Rekstur 2020
Rekstrartekjur	-46.400	-165.467	119.067	-81.174
Launagjöld	30.900	1.175	29.725	1.122
Önnur rekstrargjöld	134.200	353.332	-219.132	333.377
Rekstrartilfærslur	2.822.500	2.513.959	308.541	2.090.733
Samtals	2.941.200	2.702.998	238.202	2.344.058

5.2 Rekstraráætlun

Ríkisendurskoðun leggur áherslu á að vandað sé til við gerð rekstraráætlunar, að hún sé skráð í fjárhagskerfið og reglulega sé fylgst með því hvort gjöld og tekjur séu í samræmi við áætlun ársins.

Rekstraráætlun Ábyrgðasjóðs launa fyrir árið 2021 var gerð í áætlunarkerfi ríkisins niður á fjárheimildir.

5.3 Niðurstöður/ábendingar

Á árinu 2021 var afkoma Ábyrgðasjóðs launa jákvæð um 238,2 m.kr. Rekstrarniðurstaða er jöfnuð í lok árs í samræmi við 3. mgr. 30. gr. LOF. Bundið eigið fé nam 2.627,9 m.kr. í árslok 2021.

6 Innra eftirlit

6.1 Inngangur

Forstjóri Vinnumálastofnunar og stjórn Ábyrgðasjóðs launa ber ábyrgð á framkvæmd innra eftirlits hjá Ábyrgðasjóði launa. Innra eftirlit felur í sér þær reglubundnu aðgerðir og ráðstafanir sem hlutaðeigandi aðili gerir til að stuðla að hagkvæmni rekstrar, öryggi fjármuna, áreiðanleika upplýsinga og almennt að því að markmiðum starfseminnar verði náð og lögum og reglum sé fylgt.

Ríkisendurskoðun ber skv. lögum að kanna innra eftirlit og meta hvort það tryggir viðunandi árangur.

6.2 Umfjöllun

Samkvæmt 25. gr. reglugerðar 462/2003 annast stjórn Ábyrgðasjóðs launa fyrirsvar fyrir sjóðinn og gætir hagsmuna hans í umboði félagsmála- og vinnumarkaðsráðherra og Vinnumálastofnun annast daglega umsýslu og reikninghald sjóðsins á grundvelli þjónustusamnings.

Skriflegar verklagsreglur eru til um hvernig launa- og lífeyrissjóðskröfur eru unnar í Navision kerfinu. Þegar krafa um greiðslu launa vegna gjaldþrots vinnuveitenda berst er skiptastjóri gjaldþrotabús krafinn um skriflega umsögn um hverja þá kröfu sem til álita kemur að njóti ábyrgðar sjóðsins samkvæmt lögum. Haldið er utan um hvert einstakt mál í Navision kerfinu.

Eftirlitsaðgerðir sjóðsins snúa að því að kanna hvort viðkomandi launþegi hafi verið að vinna hjá félaginu og er aflað afrits af launaseðlum. Skoðað er hvort viðkomandi hafi áður fengið greiðslur úr sjóðnum og athugað hvort dómsmál séu í gangi vegna svikamála sem tengjast viðkomandi gjaldþroti. Einnig eru skoðuð tengsl við hluthafa og stjórn félagsins. Skoðuð er staðgreiðsluskrá Skattsins og vinnusaga viðkomandi launamanns hjá félagi. Fundað er hjá sjóðnum um einstök mál ef óvissa er um réttmæti kröfu.

Innbyggt er í kerfinu að greiðslur geta ekki verið hærrí en hámark leyfilegra greiðslna og tvígreiðslur eru stöðvaðar. Gerðar eru reglulega innri prófanir á því hvort greiðslur komist út og á hámarksgreiðslum. Reglulega er framkvæmt handahófskennt val á stökum afgreiðslum til yfirferðar.

6.3 Niðurstöður/ábendingar

Niðurstaða skoðunar er að innra eftirlit tryggir viðunandi árangur í starfsemi sjóðsins m.t.t. þeirra þátta sem skoðaðir voru.

7 Fylgni við lög og reglur

7.1 Inngangur

Við fjárhagsendurskoðun ber að kanna hvort rekstur Ábyrgðasjóðs launa hafi verið í samræmi við heimildir fjárlaga, fjárukalaga og annarra laga, lögmæt fyrirmæli og samninga þar sem það á við. Fjallað er sérstaklega um fjárheimildir og rekstraráætlun í kafla 5.

7.2 Lög og reglugerð um Ábyrgðasjóðs launa

Sjóðurinn starfar samkvæmt lögum nr. 88/2003 um Ábyrgðasjóð launa og er megin hlutverk hans að tryggja launamönnum og lífeyrissjóðum greiðslur vegna vangoldinna krafna þeirra við gjaldþrot vinnuveitenda eða þegar dánarbú hans er til opinberra skipta og erfingjar ábyrgjast ekki skuldbindingar.

Vinumálastofnun annast sjóðsvörslu, daglega umsýslu og reikningshald sjóðsins á grundvelli þjónustusamnings. Þjónustusamningur velferðarráðuneytis (nú félagsmála- og vinnumarkaðsráðuneyti), Ábyrgðasjóðs launa og Vinnumálastofnunar var undirritaður 2. júní 2015 og gilti til 1. júní 2020. Þjónustusamningur hefur ekki verið endurnýjaður og samkvæmt upplýsingum stjórnenda er hann til skoðunar í félags- og vinnumarkaðsráðuneytinu. Ríkisendurskoðun bendir á að nauðsynlegt að lokið verði við gerð nýs þjónustusamnings sem fyrst.

7.3 Niðurstöður/ábendingar

Eftirfarandi ábending er gerð vegna fylgni við lög og reglur:

Ríkisendurskoðun bendir á að gera þarf nýjan þjónustusamning milli ráðuneytis, Vinnumálastofnunar og Ábyrgðasjóðs launa þar sem fyrri samningur er útrunninn.

8 Endurskoðun rekstrarliða

Tafla 2 Rekstraryfirlit 2021

Í þús. kr.	2021	2020	Breyting
Tekjur			
Rekstrartekjur	-165.467	-81.174	-84.293
Alls tekjur	-165.467	-81.174	-84.293
Gjöld			
Laun	1.175	1.122	53
Önnur sérfræðipjónusta	95.359	78.200	17.159
Kostnaðarhlutdeild í sameiginlegri þjónustu	102.000	63.200	38.800
Vaxtagjöld	155.973	191.977	-36.004
Tilfærslur	2.513.959	2.090.733	423.226
Alls gjöld	2.868.465	2.425.232	443.233
Framlag ríkissjóðs	-2.941.200	-2.902.400	-38.800
Tekjur umfram gjöld	-238.202	-558.342	320.140

Samkvæmt yfirliti um afkomu ársins 2021 námu tekjur Ábyrgðasjóðs að frátöldu framlagi ríkissjóðs 165,5 m.kr. og gjöld námu 2.868,5 m.kr., sjá sundurliðun í töflu 2.

8.1 Rekstrartekjur

Rekstrartekjur Ábyrgðasjóðs launa á árinu 2021 námu 165,5 m.kr. samanborið við 81,2 m.kr. árið 2020 sem er aukning um 84,3 m.kr. á milli ára. Rekstrartekjur eru vegna innborgana til Ábyrgðasjóðs launa vegna gjaldþrotabúa. Endurskoðun rekstrartekna fór fram með greiningum, fyrirspurnum og úrtaksskoðunum og er án athugasemda.

8.2 Rekstrargjöld

8.2.1 Önnur sérfræðipjónusta

Önnur sérfræðipjónusta er lögfræðikostnaður sem greiddur er til lögmannsstofa vegna skiptatrygginga, dæmdu málskostnaðar og annars kostnaðar vegna gjaldþrota. Endurskoðun annars sérfræðikostnaðar fór fram með greiningum, fyrirspurnum og úrtaksskoðunum og er án athugasemda.

8.2.2 Kostnaðarhlutdeild í sameiginlegri þjónustu

Kostnaðarhlutdeild í sameiginlegri þjónustu er greiðslur til Vinnumálastofnunar sem námu 102,0 m.kr. árið 2021, samanborið við 63,2 m.kr. árið 2020 sem er aukning um 38,8 m.kr. Greiðslur voru í samræmi við fjárveitingu skv. fylgiriti fjárlaga fyrir árið 2021.

8.2.3 Vaxtagjöld

Vaxtakostnaður Ábyrgðasjóðs nam 156,0 m.kr. árið 2021 samanborið við 192,0 m.kr. árið áður og lækkaði um 36,0 m.kr. á milli ára. Vaxtastig ákvarðast skv. 8. gr. laga nr. 88/2003 um Ábyrgðasjóð launa og 4. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu og tekur mið af meðalvöxtum óverðtryggðra útlána Seðlabanka Íslands. Vaxtagjöld eru til komin vegna vaxta á almennar launakröfur, krafna lífeyrissjóða vegna lífeyrissjóðs iðgjalda og vaxta á kröfur vegna séreignarsparnaðs í þrotabú. Endurskoðun vaxtagjalda fór fram með greiningum og úrtaksskoðunum og er án athugasemda.

8.2.4 Tilfærslur

Samkvæmt 5. gr. laga um Ábyrgðasjóðs launa nr. 88/2003 njóta eftirfarandi kröfur ábyrgðar sjóðsins:

1. Kröfur launamanns um vinnulaun fyrir síðustu þrjá starfsmánuði hans í þjónustu vinnuveitanda
2. Kröfur um bætur vegna launamissis í allt að þrjá mánuði vegna slita á ráðningarsamningi
3. Kröfur um orlofslaun sem réttur hefur unnist til á ábyrgðartímabili
4. Kröfu lífeyrissjóðs um lífeyrisiðgjöld sem fallið hafa í gjalddaga á ábyrgðartímabili (18 mánuðir)
5. Kröfur launamanns um bætur vegna tjóns af völdum vinnuslyss og kröfu þess sem tilkall á til bóta vegna dauðsfalls launamanns enda taki tryggingar vinnuveitanda ekki til bótakröfunnar.

Undanfarin ár hafa greiðslur Ábyrgðasjóðs launa aukist umtalsvert. Samkvæmt upplýsingum stjórnenda eru helstu ástæður þess m.a. fall Wow air sem leiddi einnig af sér erfiðleika hjá ferðaþjónustufyrirtækjum, stærri verktakafyrirtæki hafa farið í þrot, Covid faraldurinn leiddi svo til frekari gjaldþrota fyrirtækja, sérstaklega í ferðaþjónustugeiranum.

Hámarksábyrgð Ábyrgðasjóðs launa vegna vangoldinna launa eða slita á ráðningarsamningi er 633.000 kr. fyrir hvern mánuð. Ekkert hámark er á upphæð ábyrgðar vangoldinna lífeyrisiðgjalda vegna greiðslna í lífeyrissjóði.

Endurskoðun tilfærslna fór fram með greiningum, fyrirspurnum og úrtaksskoðunum og er án athugasemda.

8.2.5 Greiðslur til lífeyrissjóða

Í skýrslu Ríkisendurskoðunar *Rekstur og fjárhagsstaða Ábyrgðasjóðs launa (júní 2012)* komu fram ábendingar til velferðarráðuneytis um að kanna þyrfti hvort stytta ætti 18 mánaða ábyrgð Ábyrgðasjóðs launa á lífeyrissjóðskröfum og setja tímamörk.

Í viðbrögðum sínum við ábendingunni árið 2012 benti velferðarráðuneyti á að lengd ábyrgðartímabils gagnvart lífeyrissjóðskröfum væri m.a. tilkomin vegna þess að nokkur tími gæti liðið þar til vanefndir vinnuveitanda kæmu í ljós. Innheimtuaðgerðir gætu þá reynst árangurslausar. Ekki mætti myndast langt rof í ávinnslu lífeyrisréttinda hjá launamönnum vegna gjaldþrota vinnuveitanda. Í svari sínu árið 2015 við því hvort og þá hvernig hefði verið brugðist

við ábendingunni kvaðst ráðuneytið hafa rætt við Ábyrgðasjóð launa og niðurstaðan verið að stytta ekki tímabilið. Betra væri að skerpa á verklagi sem tryggði að lífeyrissjóðir upplýstu sjóðfélaga um greidd iðgjöld vegna þeirra tvisvar á ári og stæðu eðlilega að innheimtutilraunum.

Ríkisendurskoðun ítrekaði ekki ábendinguna en vakti athygli á að samkvæmt lögum nr. 129/1997 um skyldutryggingu lífeyrisréttinda ber að greiða lífeyrisiðgjald mánaðarlega. Líklegra sé að innheimta misfarist því lengur sem hún dregst. Því þurfi lífeyrissjóðir að nýta vel frest sinn til að beita innheimtuaðgerðum.

Við endurskoðun ársins 2021 voru greiðslur til launamanna og lífeyrissjóða skoðaðar frá árinu 2017 til ársins 2021 og má sjá þær í töflu 3:

Tafla 3 Greiðslur vegna vangoldinna launa og lífeyrisiðgjalda 2017-2021

Í þús. kr.	Heild. gr.	Laun	hlfl.	Líf.sjóðir	hlfl.
2021	2.513.959	768.813	31%	1.745.146	69%
2020	2.090.733	1.467.011	70%	623.722	30%
2019	1.699.884	1.096.054	64%	603.830	36%
2018	720.148	332.126	46%	388.022	54%
2017	501.108	176.698	35%	324.410	65%
Samtals	7.525.832	3.840.701	51%	3.685.130	49%

Á árinu 2021 námu heildargreiðslur Ábyrgðasjóðs launa vegna launa og lífeyrissjóðsgreiðslna 2.514,0 m.kr. og þar af voru greiðslur til lífeyrissjóða 1.745,2 m.kr. eða 69% greiðslna sjóðsins. Ekki liggur fyrir aldursgreining á greiðslum krafna til lífeyrissjóða en ábyrgð sjóðsins nær til 18 mánaða. Ef um er að ræða línulega aldursdreifingu krafna má áætla að hver mánuður sem ábyrgð sjóðsins nær til hafi kostað Ábyrgðasjóð 97,0 m.kr. árið 2021.

Við skoðun á greiðslum Ábyrgðasjóðs launa s.l. 5 ár verður ekki séð að lífeyrissjóðir hafi skerpt á verklagi við innheimtu lífeyrissjóðsiðgjalda né að innheimtutilraunir lífeyrissjóða beri tilætlaðan árangur. Ábyrgðartímabil á lífeyrissjóðsiðgjöldum (18 mánuðir) virðist fela í sér lítinn hvata til lífeyrissjóða til innheimtuaðgerða. Athygli er vakin á því að upplýsingakerfi í dag geta gefið upp greiðslustöðu greiðenda lífeyrissjóðs gjalda tímalega þannig að hægt sé að grípa til innheimtuaðgerða þegar vanskil eiga sér stað.

Ríkisendurskoðun bendir á að ástæða er til að endurskoða tímamörk ábyrgða lífeyrissjóðsiðgjalda m.t.t. þess að í upplýsingakerfum lífeyrissjóða eiga að liggja fyrir stöður gjaldenda þannig að hægt sé að bregðast mun fyrir við vegna vanskila en áður.

8.3 Niðurstöður/ábendingar

Endurskoðun rekstrarliða gaf ekki tilefni til ábendinga eða athugasemda. Ríkisendurskoðun bendir þó á að full ástæða er til að fara yfir og endurskoða tímamörk ábyrgða vegna vangoldinna lífeyrissjóðsiðgjalda.

Greiðslur sjóðsins til lífeyrissjóða vegna vangoldinna lífeyrisiðgjalda hafa aukist umtalsvert á síðustu árum og aðgerðir til að skerpa á verklagi til að sporna á móti þeirri hækkun virðast ekki hafa skilað tilætluðum árangri. Ríkisendurskoðun beinir því þeim tilmælum til Ábyrgðasjóðs launa og félags- og vinnumarkaðsráðuneytis að endurmeta ábyrgðartímabilið og hversu langt það ætti að vera með hliðsjón af þeim auknu útgjöldum sem fallið hafa á sjóðinn á síðustu árum vegna vangoldinna lífeyrisiðgjalda.

9 Endurskoðun efnahagsliða

Tafla 4 Efnahagsreikningur 31. desember 2021

Í þús. kr.	31.12 2021	31.12 2020	Breyting
Eignir			
Tengdir aðilar	2.848.351	3.607.067	-758.716
Aðrar kröfur	3.760	2.589	1.171
Handbært fé	28.641	0	28.641
Eignir alls	2.880.751	3.609.656	-728.905
Eigið fé og skuldir			
Eigið fé			
Hrein eign	238.202	558.342	-320.140
Bundið eigið fé	2.627.882	2.627.882	0
	2.866.084	3.186.224	-320.140
Skuldir			
Lánastofnanir	0	361.039	-361.039
Tengdir aðilar	218	3.353	-3.134
Ýmsar skammtímaskuldir	14.449	59.041	-44.592
	14.667	423.433	-408.766
Eigið fé og skuldir alls	2.880.751	3.609.656	-728.905

Í árslok 2021 námu eignir 2.880,8 m.kr., eigið fé nam 2.866,1 m.kr. og skuldir námu 14,7 m.kr.

9.1 Eignir

9.1.1 Tengdir aðilar

Krafa á tengda aðila nam 2.848,4 m.kr. í árslok 2021. Krafan er að stærstum hluta vegna uppgjors á tekjum af tryggingargjaldi fyrir gildistöku laga um opinber fjármál nr. 123/2015. Þá var greiðslustaða við ríkissjóð jákvæð í árslok um 317,4 m.kr.

9.1.2 Handbært fé

Bankareikningur sjóðsins er í Seðlabanka Íslands og nam inneign á honum 28,6 m.kr. í árslok.. Við endurskoðun sjóðsins voru beiðnir um staðfestingar sendar til bankastofnana og komu fram upplýsingar um stöðu reikninga í árslok og um aðgang starfsmanna. Könnun handbærs fjár sjóðsins var án athugasemda.

9.2 Eigið fé og skuldir

9.2.1 Höfuðstóll

Eigið fé sjóðsins í árslok var jákvætt um 2.866,1 m.kr. Um að ræða rekstrarniðurstöðu ársins sem var jákvæð um 238,2 m.kr. og bundið eigið fé sem nam 2.627,9 m.kr.

Rekstrarniðurstaða ársins var jöfnuð út með sérstakri færslu í lok árs í samræmi við 3. mgr. 30. gr. fyrrnefndra laga nr. 123/2015 um opinber fjármál. Bundið eigið fé er óbreytt frá árslokum 2016 en um er að ræða færslu og ráðstöfun markaðra tekna sjóðsins fyrir gildistöku nefndra laga um opinber fjármál, sjá umfjöllun í kafla 5.1.2. Ákvörðun hefur ekki verið tekin um hvernig skuli farið með bundið eigið fé í bókhaldi sjóðsins.

9.2.2 Ýmsar skammtímaskuldir

Ýmsar skammtímaskuldir námu samtals 14,7 m.kr. í árslok 2021. Einkum er um er að ræða afdregna staðgreiðslu skatta af bótagreiðslum í árslok og skuldir við lífeyrissjóði og stéttarfélög.

Endurskoðun efnahagsliða er án athugasemda.

9.3 Niðurstöður/ábendingar

Taka þarf eftirfarandi atriði til skoðunar:

Ekki liggur fyrir hvernig skuli farið með bundið eigið fé í bókhaldi sjóðsins en bundið eigið fé nam 2.627,9 m.kr. í árslok 2021.

10 Önnur atriði

10.1 Óhæðisyfirlýsing

Fyrir liggja undirritaðar óhæðisyfirlýsingar þeirra starfsmanna Ríkisendurskoðunar sem sáu um endurskoðun hjá Ábyrgðasjóði launa.

10.2 Samþykki ársreiknings

Ársreikningur Ábyrgðasjóðsins fyrir 2021 var samþykktur af forstjóra og stjórn Ábyrgðasjóðs launa ásamt staðfestingarbréfi stjórnenda.



Ríkisendurskoðun
Bríetartúni 7 – 105 Reykjavík
Sími 448-8800

postur@rikisendurskodun.is – www.rikisendurskodun.is